



Alþingi
Erindi nr. P 133/9-1/9
komudagur 16.2.2007/9

Reykjavík 15. febrúar 2007

Til: Menntamálanefnd Alþingis

Re: Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga, 409. mál, heildarlög.
133. löggjafarþing 2006-2007.
~~Þskj. 794-520. mál~~

Vil byrja á að þakka menntamálanefnd tækifæri til að gefa umsögn um frumvarpið. Ég fagna því að til standi að gera heildstæða löggjöf um æskulýðsstarf sen leysi af eldri löggjöf um sama efni.

Athugasemdir mínar beinast einkum að 10. og 12. grein frumvarpsins sem fjalla um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi og æskulýðsrannsóknir.

Ákvæðið í 10. gr. frumvarpsins um að óheimilt sé að ráða einstaklinga sem hlotið hafa refsíðmál vegna kynferðisbrota og fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni er of afdráttarlaust – jafnvel þó gert sé ráð fyrir síðastliðnum fimm árum í ávana- og fíkniefnamálum. Spurningin er hversu lengi brotasaga á að fylgja einstaklingum út í samfélagið að afplánun lokinni og hversu mikilvæga við viljum gera brotasögu í samfélagi okkar. Hafa dæmdir brotamenn fyrir brot af þessu tagi valdið vanda í æskulýðsstarfi? Undirritaður þekkir ekki dæmi þess. Eðlilegra er að ákvæðið verði sett fram sem heimildaákvæði en ekki sem afdráttarlaust skilyrði í æskulýðsstarfi.

Í 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir fimm manna ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir sem ráðherra skipar. Athygli vekur að enginn nefndarmanna á að vera skipaður úr umhverfi rannsókna. Í háskólum landsins eru margvíslegar rannsóknir á æskulýðsstarfi stundaðar og því eðlilegt að nefndarmenn komi úr því umhverfi.

Jafnframt er mikilvægt að ólíkir aðilar úr rannsóknsumhverfinu öllu hafi aðgang að fjármagni til æskulýðsrannsókna og jöfn tækifæri til að stunda æskulýðsrannsóknir. Miklu skiptir að ólíkir aðilar geti komið að rannsóknnum og að fyllsta jafnræðis sé gætt í vali framkvæmdaaðila. Ekki síður er mikilvægt að rannsóknargögn sem aflað er fyrir opinbert fé verði gerð aðgengileg öllum fræðimönnum að tilteknum skilyrðum uppfylltum en verði ekki skilgreind sem einkaeign framkvæmdaaðila.

Helgi Gunnlaugsson
Prófessor í félagsfræði
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Vs. 525-4504
Fax: 552-6806
Netfang: helgigun@hi.is